

MOLDUHRAUN,
iðnaðar- og þjónustuverfi

Byggingarskilmálar

með breytingartillögu 1.5, dags. 31.03.89
ath. gr. 2.6 „gróðurbelti - trjágróður

1. Lýsing skipulags

- 1.1 Skipulagið nær yfir ca.38 hektara lands og eru þar af ca 1,5 hektarar fráteknir vegna fyrirhugaðs Álftanesvegar, frá Reykjanesbraut að Engidal, og 5 ha sem þegar hefur verið úthlutað, og byggt á að hluta.

Byggð á svæðinu verður samfelld við iðnaðar- og verslunarhverfi í Hafnarfirði, norðan Reykjanesbrautar. Yfirborð er fastur botn eða klöpp, að jafnaði 4 - 5 metrum lægra en yfirborð óhreyfðs hrauns.

- 1.2 Norðvesturhluti svæðisins er sérstaklega ætlaður framleiðslu- eða þjónustufyrirtækjum, sem þurfa stórar lóðir, og hefur fjórum lóðum þegar verið úthlutað, og eru risin stór iðnaðarfyrirtæki á þremur þeirra.

Á svæðinu eru til úthlutunar fjórar lóðir; 6.000, 13.000 (2) og 22.000 m² að stærð. Ef ástæða þykir, er Garðabæ heimilt að skipta tveim af stærstu lóðunum í þrjár lóðir, hverri rúmlega 10.000 m² að stærð, eins og sýnt er hér á skýringarmynd.

